



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 22. september 2023
MÍ202307-0023/ 6.10 / Þ.E.H.

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpvaggi

Efni: Fjallssel, Múlaþing - skógræktaráform

Minjastofnun Íslands hafði móttengið í júlí umsagnarbeiðni sveitarfélagsins Múlaþings þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um skógræktaráform í landi Fjallssels. Hægt var að hlaða niður samningssvæði (dags. 01.04.2023), tegundakorti (13.06.2023) og greinargerð (16. júní 2023).

Minjastofnun barst skráning fornleifa en við yfirferð þeirrar skráningar kom í ljós að hún náði yfir annað svæði í landi Fjallssel en það svæði sem var verið að kynna til framkvæmda. Minjavörður hafði samband við fulltrúa framkvæmdaraðila og í kjölfarið var farið af stað í að skrá fornleifar innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis sem var til kynningar.

Þeirri skráningu er nú lokið en hún var gerð af Sagnabrunni og birtust niðurstöður hennar í skýrslu; *Víðbótarfornleifaskráning á skógræktarsvæði að Fjallsseli, Fellum í Múlaþingi* (skýrsla gefið út árið 2023).

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands:

Samkvæmt ofangreindri fornleifaskráningu voru 10 fornleifar skráðar en sjö þeirra eru innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis. Umfjöllun um skráðar fornleifar byggir á niðurstöðum ofangreindrar fornleifaskráningar:

- **Hleðsla (2759-49)** var skráð í fornleifaskráningu Egilssels árið 2022. Um er að ræða steinhleðslu sem er um 4m frá skógræktarsvæðinu sem nær þar með inn fyrir friðhelgunarsvæði fornleifanna.
- **Dansgjá (3097-1)** en munnmæli segja að staðurinn dragi nafn sitt af huldufólki. Er um 3m frá skógræktarsvæðinu sem nær þar með inn fyrir friðhelgunarsvæði fornleifanna.
- **Vegur (3097-2)** liggur í N-S um skógræktarsvæðið. Líklega er um að ræða fyrsta akstursveginn að Egilsseli.
- **Varða (3097-3)** er austan við veg (3097-2). Hún er nær ferhyrnd og reist ofan á kletti.
- **Varða (3097-4)** er austan við veg (3097-2). Varðan stendur á kletti.
- **Fornistekkur/Staffellssel (3097-5)** eru greinilegar tóftir. Líklega er hér um beitarhús að ræða. Er rétt utan við

**Puríður Elísa
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

skógræktarsvæðið sem nær þó inn fyrir friðhelgunarsvæði fornleifanna.

- **Fornistekkur/Staffellssel (3097-6)** en hér er um að ræða eldra byggingarstig mannvirkisins. Er rétt utan við skógræktarsvæðið sem nær þó inn fyrir friðhelgunarsvæði fornleifanna.
- **Garðlag (3097-10)** má finna hjá Fornastekk/Staffellsseli. Aðeins var hægt að greina hluta þess.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Það er óheimilt að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15m friðhelgunarsvæðis frá ystu mörkum sínum skv. 3., 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Ljóst er að innan svæðisins eru fornleifar í hættu vegna fyrirhugaðra skógræktaráforma og er því mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra.

Skráningu menningarminja innan ofangreinds skógræktarsvæðis er lokið sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Engin þekkt hús eða mannvirki eru innan þess.

Stofnunin minnir á að taka þarf tillit til 15m friðhelgunarsvæðis fornleifa en það miðar við ystu mörk þeirra. Auk þess þarf að merkja fornleifar með áberandi hætti á meðan á framkvæmdum stendur til að þær verði ekki fyrir raski af vangá. Ef fara þarf inn fyrir 15m friðhelgunarsvæði fornleifa eða stækka þarf framkvæmdarsvæðið þarf að bera þau áform undir Minjastofnun Íslands.

Mikilvægt er að staðsetning og útlínur skráðra fornleifa komi fram á skógræktaruppdrætti. Minjastofnun óskar eftir að fá uppfærðan skógræktaruppdrátt þar sem búið er að færa inn staðsetningu og útlínur fornleifa og sýna þar með fram á að fornleifum stafi ekki hættu af fyrirhugaðri skógrækt.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaða skógrækt í landi Fjallssels sé gengið að þeim skilyrðum sem stofnunin gerir hér að ofan. Stofnunin vekur einnig athygli á því að það eru skráðar fornleifar utan við skógræktarsvæðið og að taka þurfi fullt tillit til þeirra. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Þuríður Elísa Harðardóttir". The signature is fluid and cursive, with the first name "Þuríður" being the most prominent.

Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsfulltrúi Múlaþings (skipulagsfulltrui@mulathing.is)

Ríkey Ásta Þorsteinsdóttir (rikey@yggcarbon.is)